

Skýrsla stjórnar



**Sjálfstjórnar á höfuðborgarsvæðinu starfsárið
2023 til 2024**

Frá aðalfundi 08.03.2023 til 26.03.2024

Lögð fram á aðalfundi 26. mars 2024

Kveðja frá formanni

Ágætu félagar. Nú er komið að því tíma að ég er að ljúka mínum störfum sem formaður Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ég lít til baka sem að telja yfir 20 ár frá því ég kom fyrst til starfa fyrir félagið. Þá má segja að margt hafi breyst á þessu tíma margt gott og annað ekki. Ætla að minnst á nokkur atriði sem standa upp úr. Breyting á lögum um grunnlífeyri sem gerðar voru fyrir 25 árum síðan. Á þeim tíma var starfræktur

hjá Sjálfsbjörg hópur sem bar nafnið átakshópur öryrkja. Átakshópur öryrkja var mjög virkur á þessum tíma og var hópurinn í kringum 20 manns. Þarna voru menn eins og Garðar Sverrisson, Arnór Pétursson heitinn og fleira gott fólk. Þessi tvöföldun á grunnlífeyri var vegna vinnu Átakshópsins og tillagan kom þaðan. Á þessum tíma var Jón Kristjánsson ráðherra og á hann mikinn þátt í því að þessi breyting náði fram að ganga. Á fyrstu árum krika var aðstaðan lítið hús sem er um 20 fm sem var notaður sem veiðikofi við Langá við fengum hann gefins. Hann þjónaði sínum tilgangi ágætlega en fljótlega var hann orðinn allt of lítill. En þegar Kópavogsbær kaupir landið af Þorsteini á Vatnsenda á sínum tíma og byrjar að byggja íbúðir þar þá rak ég augun í auglýsingu frá Kópavogsbæ þar sem bærinn var að auglýsa sumarbústað gefins gegn því viðkomandi þurfti að sjá um kostnaðinn við að flytja hann af svæðinu. Ég hafði strax samband við Hannes Sigurðsson sem var þá varaformaður með þá hugmynd að fara á fund og eiga samtalið við bæjarstjórnann í Kópavogi, um bústaðinn. Bæjarstjórnin tók vel í erindi okkar og úr varð að við fengum bústaðinn og var hann fluttur af Kópavogsbæ inn á okkar lóð okkur að kostnaðarlausu Kópavogsbær hefur alltaf sýnt okkur mikla velvild alveg frá fyrstu tíð. Það er búið að leggja til margar milljónir í að gera aðstöðuna sem besta í Krika og má segja að það hafi tekist mjög vel til það sýnir aðsóknin undanfarin ár. Félagið réðst í að gera mynd um félagið sem að Páll sá um að gera. Að mínu mati tókst mjög vel til og var hún sýnd á RÚV og endursýnd að minnsta kosti tvisvar. Það komu margir sjálfsbjargarfélagar fram í myndinni bæði eldri og yngri félagar. Sumir hafa talað um myndina sem heimildarmynd hún er það að sumu leit en rauði þráðurinn í myndinni eru baráttumál félagsins sem eru tau sömu enn þá í dag og voru fyrir 60 árum sem eru aðgengismál. Það eru að sjálfsögðu hægt að tala um fjölmargt annað sem hefur gerst hjá félaginu. Að reka félag eins og Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu kostar töluverða peninga og það verður að halda vel á hverri krónu. Ég man mjög vel eftir því þegar Þórir Karl var formaður og undirritaður varaformaður 2002 þá var félagið innsiglað vegna valgotinna skatta og lífeyrisskuldbindinga og 12 milljón króna lán sem var í vanskilum. Skuldirnar voru samtals vel á þriðja tug milljóna 2002. Það er alveg hægt að segja það hér að það kom til tals að sigla félaginu í strand, enda enginn peningur til. En það var ákveðið að fara og reyna að semja við þessa aðila sem var erfitt en tókst á endanum. Síðan þá hefur félagið verið mjög vel rekið og skila rekstrarafgangi mörg undanfarin ár. Það er ekki sjálfgefið að skila rekstrarafgangi á bak við góðan rekstur félagsins undanfarinn ár liggur mikil vinna sem að hefur meira og minna hvílt á Önnu Kristínu Sigvaldadóttur okkar frábæra starfsmanni sem hefur staðið sig hreint út sagt stórkostlega. Ég vil nota tækifærið og þakka henni fyrir samstarfið sem að mínu mati hefur gengið mjög vel. Einnig þakka ég Trausta fyrir samstarfið sem hefur verið gott. Að loku vill ég þakka öllu því góða fólk sem hefur starfað með einum eða öðrum hætti fyrir félagið allt í sjálfboðavinnu, án þeirra væri ekki hægt að reka þetta öflugra félagsstarf. Ég óska félaginu góðs gengis í framtíðinni

Grétar Pétur Geirsson

Skýrsla stjórnar:

Það var á stefnuskrá stjórnarinnar að virkja félagsmenn til starfa fyrir félagið og sú stefna mun vera áfram á komandi starfsári.

Framgangur verkefna á starfsárinu var svohljóðandi:

Stjórnarfundir voru einu sinni í mánuði fyrir vetramánuði.

13. júní var opið hús þar sem The healing hands centar kom og kynnti sig. (Brandur Bryndísarson Karlsson)

27 júní fóru Grétar Pétur Geirsson og Sævar Guðjónsson á samráðsfund vegum Félagsmálaráðuneytis um málefni fatlaðs fólks.

Grétar Pétur Geirsson fór á málþing á vegum Félags – og vinnumarkaðsráðuneyti um stöðu tekjuminni hópa á húsnæðismarkaði. Sem hét því skemmtilega nafni “ Tjaldað til einnar nætur,..

Grétar Pétur Geirsson og Linda Sólrún Jóhannsdóttir fóru á samráðsfund með Sjónstöð Blindrafélagsins, Reykjalundi, Grenás sem haldinn í Hamarhlíð 17.

Grétar Pétur Geirsson “ Ertu ekki að fara að vinna,, Málþing ÖBÍ um verðleikasamfélag.

Eins og undanfarin ár þá hafa félagsmenn setið í málefnaþópum, nefndum og stjórnnum hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ). Þá voru eftirtaldir félagsmenn meðal starfsfólks ÖBÍ á starfsárinu Þorbera Fjölisdóttir, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir og Alma Ýr Ingólfssdóttir. Þá var Alma Ýr kosinn formaður ÖBÍ á aðalfundi bandalagsins dagana 06.10.2023 og 07.10.2023. Á aðalfundinum var Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir formaður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og félagsmaður í félaginu kosin í stjórn bandalagsins.

Mikið var leitað til skrifstofu félagsins til að fá hjálp við fjármál og sýnir það að okkar hópur hefur það mjög slæmt og eiga margir mjög erfitt með að ná endum saman. Svo er töluverður fjöldi sem kemur og fær aðstoð við skattframtalsgerð.

Starfsemi á skrifstofu og rekstur á félagsheimilinu hefur gengið vel eins og undanfarin ár og er Önnu Kristínu Sigvaldadóttir og Trausta Jóhannessyni þökkuð góð störf fyrir félagið.

Flest í okkar félagi byggir á öflugum starfi sjálfbodaliða og viljum við þakka þeim fyrir óeigingjarnu starf þeirra.

Félagið hélt haustfagnað 30. september sl. í samvinnu við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) og var hann vel sóttur.

Á starfsárinu eins og undanfarin ár voru eftirtaldir viðburðir fastir liðir í félagslífi félagsins.

Bingó

Bingó var annan hvern miðvikudag frá september 2023 til mars 2024. Það er gaman að segja frá því að þátttaka í bingó hefur stórukist. Það voru þær Sigrún Pétursdóttir og Björk Sigurðardóttir sem héldu utan um bingóið.

Samvera og súpa

Samvera og súpa er á þriðjudögum í allan vetur. Samvera og súpa hefur verið vel sótt eftir að hún byrjaði aftur í byrjun september 2023. Það voru Ólína Ólafsdóttir og Guðrún Elísabet Bentsdóttir sem framreiddu súpuna og meðlæti.

Krikaskýrsla

Kriki “ Paradísinn okkar „ var opin alla dag nema mánudag og laugardag dag frá maí 2023 til ágúst 2023 og svo miðvikudaga ,fimmtudaga , föstudaga og sunnudaga út september 2023. Kriki á dýrmæta sjálfbóðaliða sem halda honum opnum og hugsa vel um “ paradísina okkar „ þeirra framlag er ómetanlegt og vill stjórnin þakka þeim fyrir þeirra vinnu.

Flest í okkar félagi byggir á öflugum starfi sjálfbóðaliða og því viljum við þakka eftirtöldum einstaklingum sérstaklega fyrir störf sín fyrir félagið:

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Björk Sigurðardóttir, Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Ólína Ólafsdóttir ,Sigrún Pétursdóttir, Sævar Guðjónsson og Ólafur Bjarni Tómasson, Birgitta Rós Nikulásdóttir.

Í stjórn og varastjórn sátu á starfsárinu:

Formaður:	Grétar Pétur Geirsson
Varaformaður:	Björk Sigurðarsdóttir
Gjaldkeri:	Linda Sólrún Jóhannsdóttir
Ritari:	Brandur Bryndísarson Karlsson
Meðstjórnandi:	Guðmundur Haraldsson

Varamenn: Sigvaldi Búi Þórarinnsson, Ólafur Bjarni Tómasson, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Pála Kristín Bergsveinsdóttir og Guðrún Elísabet Bentsdóttir.

Launaðir starfsmenn félagsins á tímabilinu voru tveir

Anna Kristín Sigvaldadóttir skrifstofa og bókhald.
Trausti Jóhannesson umsjón félagsheimilis.

Félagsmenn voru 1047 þann 1. janúar 2024.
7 hættu félaginu (sögðu sig úr félaginu) árið 2023.
58 voru teknir út vegna skuldar í 4 ár.
17 félagar létust á árinu

Fyrir hönd stjórnar Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu.

Grétar Pétur Geirsson formaður 2018-2024